

Völuspá.

I.

Sigurður Nordal prófessor, getur um það í sinni mjög lofsverðu Völuspárabók, hvernig tveir ágætir málfræðingar, Guðbrandur Vigfússon og Björn M. Ólsen, skýrðu nafn jötuns þess er Hrymr er nefndur (Hrymr ekr austan o. s. frv.). Taldi annar skyldleik við orðið hrumur, en hinn kvað þýða mundu hrímþurs. Miklu líklegri skýring nafnsins virðist mér sú, að Hrymr þýði: sá sem hefir rymjandi róm; en h þarf þarna engum vandræðum að valda, og má þar minna á, að í einhverju fornkvæði stendur hrót fyrir rót. Væri nafnið Hrymr þá líkt til komið, og önnur jötnaheiti sem dregin eru af rómstyrk, eins og Prymr, sá sem hefir þrymjandi eða þrumandi raust, og Hrungrir (sbr. rungende Stimme). Þegar hinir goðmálugu menn og konur sáu og heyrðu þau tíðindi sem í jötunheimum gerðust, þá mun þeim hafa þótt sem jötnarnir væru rómsterkir mjög. En Völuspá mun vera nokkuð líkt til komin og opinberun Jóhannesar, og þar er eins og kunnugt er, getið um veru sem

er svo rómsterk, að raustinni er jafnað við nið margra vatna.

(Meira).

Helgi Péturss.

Dagblað 7. maí 1925